

Mál nr. 66/2015
M og
V v. ábyrgðartryggingar G.

Tjón á bifreið þegar ruslaílát runnu á hana þ. 12.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 16.1.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 10.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M segist hafa verið við vinnu sína hjá og lagt bifreið fyrir utan vinnustaðinn, en við vinnustaðinn séu tvö stór sorpílat á hjólum í eigu vinnustaðarins. M segir að aðkeyptur þjónustuaðili G sjái um að losa sorpílatin og þá séu bremsur á þeim losaðar og þau látin rúlla að bifreið og sorpið tæmt í hana. M segir að sorpílat hafi fokið í miklu roki á bifreið sína sunnudagskvöldið 12.1.2014 og valdið tjóni á bifreiðinni, en tveim dögum áður hafi starfsmaður G tæmt sorpílatið og hvorugt sorpílatanna hafi verið í bremsu umrætt sunnudagskvöld þó að starfsmaður þjónustuaðilans segist hafa sett þau í bremsu eftir losun þeirra. M segir að bæði sorpílatin hafi runnið annað á bílinn sinn en hitt út á götu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu G hjá V og telur að starfsfólk G hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við losun úr sorpílatinu og ekki sett þau í bremsu eftir losun, sem hafi leitt til þess að umrætt tjón varð á bifreiðinni. V hafnar bótaskyldu og segir starfsmenn G segja að þeir hafi læst dekkjum sorpílátsins þ.e.sett það í bremsu og skilið við það með fullnægjandi hætti. V telur ósannað að starfsmenn G hafi gleymt að setja sorpílatin í bremsu eftir losun. Þá segir V að ekki hafi verið sýnt fram á hvort ílátin voru í bremsu eða ekki þegar þau byrjuðu að renna og nefnir nokkur atriði sem gætu hafa valdið því að sorpílatin runnu af stað en ekkert þeirra sé á ábyrgð starfsfólks G.

Álit.

Ekki liggur fyrir hvað olli því að umrædd sorpílat runnu af stað í miklu roki og annað olli því tjóni sem hér um ræðir, þegar það lenti á bifreið í umsjá M. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn G hafi sýnt af sér vanrækslu við störf sín þegar þeir losuðu umrædd sorpílat eða beri ábyrgð á því að þau runnu af stað og ollu tjóni á bifreið M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.3. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.